



Bæjarráð/umsögn

Kópavogi, 2. september 2024
2409158/600.03 HO

Efni: Umsögn um tækifærisleyfi vegna árshátíðar Kópavogsbæjar 2024.

Með bréfi dags. 30. ágúst 2024 óskaði Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu eftir umsögn Kópavogsbæjar vegna umsóknar Kópavogsbæjar um tækisfærisleyfi vegna árshátíðar Kópavogsbæjar í Kórnum, Vallarkór 12-14, Kópavogi þann 5. október 2024, frá kl. 18:30-01:00, skv. 17. gr. laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 30. gr. rgl. nr. 1227/2016.

Samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 staðfestir sveitarstjórn sem umsagnaraðili að staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um.

Staðsetning er í samræmi við gildandi skipulag svæðisins og afgreiðslutími er í samræmi við 4. mgr. 25. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ.

Undirritaður mælir með að bæjarráð veiti jákvæða umsögn við umsókninni.

Virðingarfyllst,

Harri Ormarsson
Lögfræðingur

